

Hauslausi húsvörðurinn


BERGRÚN ÍRIS SÆVARSDÓTTIR



Hauslausi húsvörðurinn

EFTIR

BERGRÚNU ÍRISI SÆVARSDÓTTUR



Hauslausi húsvörðurinn

ISBN 978-9979-0-2409-5

© 2019 Bergrún Íris Sævarsdóttir

© 2019 Teikningar: Bergrún Íris Sævarsdóttir

Ritstjóri: Sigríður Wöhler

Yfirllestur og álit: Þóra Hjörleifsdóttir grunnskólakennari og rithöfundur

Málfarsyfirllestur: Ingólfur Steinsson

1. útgáfa 2019

Menntamálastofnun, Kópavogi

Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun

Prentvinnsla: Prentmiðlun ehf./Lettland

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda og útgefanda.

Efnisyfirlit

Helstu persónur	4
Lögreglustöðin	5
Eins og hvert annað kvef	6
Hvaða stormur?	11
Lögreglustöðin	17
Undir peysunni	19
Lögreglustöðin	30
Eðlilegasta útskýringin	31
Komum heim	37
Fyrirgefðu, ég ætlaði ekki ...	42
Teldu upp að þremur	50
Tíminn er naumur	54
Lögreglustöðin	60
Ganga draugar með lykla?	62
Lögreglustöðin	67
Lyklaglamur og fótatak	69
Lögreglustöðin	74
Skref fyrir skref	81
Lögreglustöðin	86

Helstu persónur



SÓLVEIG

Fimmtán, alveg að verða sextán.
Með unglिंगaveiki á háu stigi.
Hugrakkari en hún heldur.

JONNI

Frændi Sólveigar og besti vinur.
Gæti orðið forseti í framtíðinni.
Eða sagnfræðiprófessor.
Eða hvort tveggja.




SESAR

Kjaftfor töffari en fáránlega sætur.
Stundum pirrandi og tekur ekkert
alvarlega.

OLGA

Prettán ára en heldur að hún sé
tvítug. Málar sig allt of mikið og
er síflissandi.



HELGA

Tvíburasystir Olgu. Gerir allt eins
og systir hennar. Algjör gelgja og
alltaf með tyggjó.

Lögreglustöðin

„Við höfðum auðvitað oft heyrt söguna. Þessa ýktu draugasögu sem átti að hræða krakka í skólaferðalögum en endaði svo alltaf með hlátri og fíflaskap. En við hefðum aldrei getað ímyndað okkur allan hryllinginn sem beið okkar. Allt ... blóðið.“

Sólveig hætti að tala og fann hvernig hún þornaði í munninum. Hún leit hikandi á lögregluþjóninn. Svo horfði hún niður á blóðugar ermarnar.

„Hvenær má ég fara heim?“ spurði Sólveig þegar hún fann rödd sína aftur. Gæti hún treyst þessari konu fyrir sannleikanum? Myndi einhver trú á því sem hafði gerst?

„Þú getur ekki farið alveg strax.“

Lögregluþjónninn rétti henni bréf til að þurrka tárin. „Ekki fyrr en þú hefur sagt mér hvað gerðist hér í nótt. Byrjaðu bara á byrjuninni ... “

Eins og hvert annað kvef

Byrjunin. Ókei, hugsaði Sólveig. Hún spólaði í huganum aftur um tólf klukkustundir. Föstudagur og síðasti skóladagur fyrir jólafrí. Veðrið hafði verið óvenju milt upp á síðkastið. Hvergi snjór nema í efstu toppum fjallanna. Á spegilsléttu hafinu var ekki að sjá að í loftinu lægi stormur. Óveður sem myndi brjóta hundrað ára gamla bryggjuna í spað. Eftir þennan hræðilega storm myndi Sólveig aldrei líta skólann sömu augum aftur.

Skarðshöfn var rólegur og fámennur bær. Áður hafði hann iðað af lífi en þá var bæði nóg af síld og fólki. Nú stóð stóra síldarvinnslan tóm og neglt var fyrir alla glugga. Sennilega yrðu allir bæjarbúar fluttir á brott innan nokkurra ára. Allir, nema kannski amma Sólveigar sem harðneitaði að kveðja sveitina sína. Sjálf gat Sólveig ekki beðið eftir því að komast í menntaskóla í Reykjavík. Sem lengst í burtu frá Skarðshöfn.


Nemendur grunnskólans voru ekki nema tíu talsins, á aldrinum 8-15 ára. Tveir kennarar sinntu allri kennslu og nemendum var skipt í tvo fimm manna bekki. Þennan dag hafði kennari yngri hópsins hleypt þeim snemma heim og því voru unglingarnir einir eftir með Tómasi kennara. Hann var þéttvaxinn maður á sextugsaldri. Ágætis karl en alls ekki jafn fyndinn og hann hélt sjálfur. Tómas var ekki bara kennari heldur líka skólastjóri, félagi í björgunarsveitinni og kórstjóri kirkjukórsins. Í litlum bæ sem þessum hafði hver bæjarbúi ótal hlutverk og Tómas gekk í flest störf þegar þörf var á. Hin fimmtán ára Sólveig starði óþolinmóð á klukkuna. Hún gat ekki beðið eftir að komast heim og leggjast undir sæng, opna tölvuna og byrja jólafríið með vinum sínum á Netflix. Foreldrar Sólveigar sögðu hana þjást af unglingaveiki á háu stigi. Svo röfluðu þau endalaust í henni yfir orkuleysi og hangsi. Sú eina sem röflaði

ekki var amma í Fjallinu, eins og Sólveig kallaði hana. Amma í Fjallinu hafði meiri samúð og skildi allt. Hún sagði unglingsárin hrikalegan andskota sem best væri að harka af sér eins og hvert annað kvef.

Skólastofan var rúmgóð og í raun allt of stór fyrir unglingana fimm. Þau höfðu reynt að gera stofuna notalegri með því að hengja upp úrklippur og myndir. Fyrir ofan töfluna voru Íslandskort og gömul heimskort í röðum. Í skólanum voru reyndar hvorki skjávarpar eða tölvur. Tómasi þótti öruggara að nota „þráðlausar græjur“ eins og hann kallaði töfluna og kortin. Það var oft vesen á rafmagninu og hitanum í eldgömlu skólahúsinu. Í hvert sinn sem mörg tæki voru í gangi í einu sló rafmagninu út í öllu húsinu. Það var því vonlaust að treysta á tæknina. Í skólanum var ekki lengur starfandi húsvörður, en Tómas sinnti viðhaldi í skólanum þegar hann mátti vera að því. Skólahúsið lá undir skemmdum og hver einasti veggur

þurfti sárlega á málningu að halda. Þegar talað var um lélegt viðhald skólans sagði Tómas að sprungurnar væru eins og hrukkur í andliti gamals manns. Að sögu skólans mætti lesa úr sprungunum. Hvað sem það nú þýddi.

Við hliðina á Sólveigu sat Jonni og vann af kappi í stærðfræðibók. Jonni var jafnaldri Sólveigar, besti vinur og náfrændi. Pabbar þeirra voru bræður og bestu vinir. Því höfðu Jonni og Sólveig alist upp eins og systkini. Framar í stofunni sátu tvíbúrasysturnar Olga og Helga og hvísluðust á. Sólveig ranghvolfdi augunum ósjálfrátt í hvert sinn



sem hún sá tvíburana. Olga og Helga voru tveimur árum yngri en Sólveig og höfðu nýlega uppgötvað allar heimsins snyrtivörur ... í einu. Þykkt lag af meiki myndaði brúna grímu á andlitum þeirra. Augabrúnirnar voru teiknaðar í allt of dökkum lit. Sólveig var með hálfgerð ofnæmi fyrir gelgjum og Olga og Helga voru mestu gelgjur í heimi.

Við útvegginn sat Sesar með fæturna uppi á borði. Hann var með heyrnatól í eyrunum. Þau áttu víst að hjálpa honum að einbeita sér í tíma. Sólveigu sýndist hann bara einbeita sér að því að horfa upp í loft. Hún tók eftir því hvernig dökkt hárið hans krullaðist fram á brúnt ennið. Orðið „ómótstæðilegur“ flæktist um í höfði Sólveigar.

Allt í einu leit Sesar í átt til hennar. Sólveig fann hvernig blóðið rauk fram í kinnarnar. Hún starði niður á borðið og vonaði að hann sæi ekki á henni hvað hún hafði hugsað.

Hvaða stormur?

Enn var heil kennslustund eftir af skóladeginum þegar sími Tómasar pípti hátt. Hann leit á skjáinn og stökk fram á gang. Truflunin hafði engin áhrif á Jonna sem hélt áfram að leysa flóknar jöfnur. Olga og Helga hvísluðust á og litu aftur fyrir sig. Stífmáluð augu þeirra mættu þreytulegum augum Sólveigar. Hún lagðist aftur fram á borðið og dæsti.

Skyndilega hljóp Tómas inn í stofuna og greip jakkann sinn af stólbakinu. Hann horfði móður og mäsandi yfir stofuna.

„Stormur á leiðinni ... Björgunarsveitin kölluð út. Ég þarf að þjóta. Þið lokið á eftir ykkur. Komið ykkur heim. Strax.“

Hann hafði varla sleppt orðinu þegar hurðin skelltist á eftir honum. Krakkarnir færðu sig að glugganum og horfðu á eftir honum stökkva upp í jeppa merktan björgunarsveitinni.

„Hvaða stormur?“ sagði Sólveig og teygði höfuðið út um opinn gluggann. Risastór öspín á skólalóðinni bærðist varla og örsmáar öldur gældu við bryggjuna.

„Það er blankalogn. Þetta er eitthvað rugl í Tómasi. Hann hefur bara ekki nennt að vera lengur í vinnunni,“ sagði Jonni og hló.

„Ég er allavega farinn,“ sagði Sesar og greip hálfótma skólatöskuna sína af gólfinu. Svo blés hann hárinu burt úr augunum áður en hann spurði hópinn: „ætliði að hanga hér í allan dag?“

Sólveig fékk alltaf kitl í magann þegar Sesar horfði á hana. Hann var svo óþolandi sætur með krullurnar fram á ennið. Þegar það glitti í brúnu augun og löng og dökk augnhárin magnaðist kitlið og varð næstum óbærilegt.

„Já, komum,“ sagði Sólveig og sló í öxlina á Jonna án þess að slíta augun

af Sesari í dyrunum. Þau gengu fram á gang og tvíburasysturnar fylgdu á eftir.

„Ætli það sé í alvöru stormur á leiðinni?“ spurði Jonni á meðan Sólveig smeygði sér í skóna.

„Bíddu, er ég einhver veðurfréttakona?“ spurði Sólveig pirruð. Svo sá hún strax eftir því hvernig hún hafði svarað.

„Ég meina ... mér sýnist veðrið fínt sko.“

Hún horfði út um þykkt glerið á útidyráhurðinni. Gamla hurðin var svo þung og stíf að Sólveig gat ekki hreyft hana sjálf fyrr en hún varð tólf ára. Mamma hafði einu sinni sagt henni frá barni sem klemmdi sig illa á hurðinni. Barnið hafði misst framan af þremur fingrum og þurft að fara á spítala. Kannski þess vegna hafði Sólveig ekki viljað opna dyrnar sjálf svona lengi.

Sólveig sá að fánastöngin á skólalóðinni hreyfðist ekki neitt. Himinninn var heiður

og blár fyrir utan nokkra skýjabólstra í fjarska.

„Hei krakkar,“ heyrðist í Sesari fyrir aftan hana. „Við erum reyndar ein hérna!“

„Og hvað?“ spurði Jonni og hélt áfram að reima skóna sína.

„Nei, bara ... við erum alein í skólanum,“ sagði Sesar og blikkaði Sólveigu. Hún reyndi hvað hún gat að roðna ekki en fann hvernig andlitið logaði.

Olga stökk eins og liðugur köttur í átt að Sesari. „Komum í bíósalinn!“ sagði hún og teymdi hann á eftir sér. Helga elti þau inn eftir löngum ganginum.

Sólveig fann hvernig kitlið í maganum breyttist í þunga tilfinningu. Hún vissi vel að Olga var hrifin af Sesari. Það fór ekki fram hjá neinum. En þessi smápía fengi ekki að komast upp með neitt á meðan Sólveig væri nálægt. Hún leit á Jonna sem reyndi að ýta upp þungri útidyrhurðinni.

„Gaur!“ sagði Sólveig og hvessti á hann augunum.

„Oh, ókei þá.“ Hann sparkaði af sér skónum og henti töskunni til hliðar.

Við enda gangsins var gömul gluggalaus geymsla sem breytt hafði verið í bíósal. Í þröngu og dimmu rýminu mátti greina gamlan leðursófa, slitnar dýnur og túbusjónvarp frá því einhvern tíma á síðustu öld. Undir sjónvarpinu var gamalt VHS-vídeótæki. Rykfallnar vídeóspólur fylltu stóra hillu frá gólfi og upp í loft. Sesar dró fartölvuna sína upp úr töskunni, kveikti á bíómynd og kom sér vel fyrir.



Lögreglustöðin

„Þið áttuð sem sagt að fara heim,“ sagði lögregluþjónninn og gnæfði yfir Sólveigu.

„Já, en ...“ Sólveig vissi ekki hvernig hún átti að svara. Konan fyrir framan hana var um fertugt, sterkleg og með hárið vandlega greitt aftur í snúð. Hún var augljóslega ólétt og framstæð kúlan teygði á stífri skyrtunni.

„Kennarinn ykkar sagði ykkur að fara beinustu leið heim. Strax. Hvers vegna hlýdduð þið ekki?“

Sólveigu fannst móðurlegur tónninn í röddinni óþægilegur. Konan talaði við hana eins og smábarn.

„Áttu fleiri börn?“

„Fleiri?“

„Já, ertu ekki ólétt? Áttu fleiri krakka?“ sagði Sólveig og horfði rannsakandi á konuna.

„Nei, þetta verður fyrsta barnið mitt,“ sagði konan og strauk lófanum yfir stóra kúluna. Svo brosti hún breitt og Sólveig ranghvolfdi augunum.

„Ókei. Þú veist það þá ekki enn þá ... en krakkar hlýða ekki alltaf því sem fullorðnir segja.“

„En, þetta voru skýr fyrirmæli frá kennaranum ykkar!“ Lögregluþjónninn talaði eins og hún hefði ekki skilið Sólveigu.

„Hraðaskiltin eru líka mjög skýr. 90 kílómetra hámarkshraði. Samt keyrir fólk á 110. Fólk gerir yfirleitt bara það sem það vill. Og við vildum ekki fara heim.“

„Þið hefðuð kannski betur gert eins og ykkur var sagt!“

Sólveig gat engu svarað. Óléttu konan hafði rétt fyrir sér. Sólveig dró djúpt inn andann og hélt áfram að rifja upp atburði síðasta sólarhrings.

Undir peysunni


Fyrir stærri unglíngahóp hefði dimmt herbergið myndað fullkomnar aðstæður fyrir daður og þreifingar. Slíkt var hins vegar frekar flókið í svona litlum bæ. Fyrir Sólveigu í raun bara í boði að vera skotin í einum strák. Jonni var frændi hennar, svo hún myndi ekki snerta hann með tíu metra löngu priki. Gaurinn sem vann í sjoppunni var reyndar sætur en hann var hundgamall. Alveg tuttugu og eitthvað! Þess vegna kom bara einn strákur til greina.

Sesar. Sesar með súkkulaðiþrúnt hárið, kaffiþrúnu augun og karamelliþrúnu húðina. Hann var eins og girnilegt eftirréttahlaðborð. Á meðan bíómyndin hélt áfram í tölvu Sesars lét Sólveig hugann reika.

Hún hafði stundum svekkt sig á því að vera ekki hrifin af stelpum. Þá hefði hún

tvöfalt meira úrval! En Olga og Helga voru svo sem tvíburar og næstum alveg eins. Kannski væri það ekki miklu skárra. Sólveig sá því engan nema Sesar.

Olga sat og starði á Sesar með stóru ofmáluðu augunum sínum. Sólveig fann píringinn magnast inni í sér. Heil bíómynd var búin og sú næsta byrjuð. Jonna var farið að leiðast því



hann var farinn að fíkta hugsunarlaust í gömlum spólum í hillunum.

Sólveig lá á dýnu við hlið sófans. Í gegnum árin höfðu heilu árgangarnir krotað nöfn og blótsyrði á dýnurnar. Undir púðum voru uppþornaðar tyggjóklessur og blettir. Skítug dýnan truflaði Sólveigu lítið enda var hún vel einangruð í hettupeysunni sinni, merktri Kvennó. Peysuna hafði hún fengið frá Hönnu Stellu, frænku sinni sem var á fyrsta ári í Kvennaskólanum í Reykjavík.

Sólveig vissi að Sesar langaði í Kvennó eftir 10. bekk. Þess vegna vonaði hún að peysan myndi vekja athygli hans. Hún vissi reyndar ekki hvaða reynslu hann hafði af Kvennaskólanum. Líklega fannst honum nafn skólans benda til þess að þar væru fleiri stelpur en strákar. Það var nú það síðasta sem Sesar þurfti. Fleiri stelpur að dást að honum. Hann var nú þegar með

66% af stelpunum í unglingsbækknum á eftir sér. Ágætis hlutfall, jafnvel þó þær væru bara þrjár í heildina.

Síðast þegar Sólveig fór suður í heimsókn til Hönnu Stellu kom hún aftur heim með þrjá fulla poka af fötum. Í einum pokanum voru rándýrar gallabuxur og ónotaðir íþróttabólir. Neðst í pokanum var fallegasti brjóstahaldari sem Sólveig hafði augum litið. Úrvalið af brjóstahöldurum í kaupfélaginu var hreint út sagt glatað.

Hún leit á Sesar. Hann gat ekki vitað að undir hettupeysunni var Sólveig í dökkrauðum blúnduhaldara með sjúklega heitum böndum í bakið. Miðað við hvernig hann starði á tölvuskjáinn hafði hann ekki minnstu hugmynd.

Þriðja kvikmyndin var að byrja. Hugur Sólveigar hafði leitt þau Sesar inn á spennandi slóðir þegar Jonni muldraði eitthvað upp úr hálfum hljóðum.

„Spes ... “

Forvitni krakkanna var vakin og Jonni útskýrði hvað hann hafði fundið.

„Æ, ég missti símann minn ... þegar ég beygði mig fann ég þetta undir hillunni.“

Hann hélt uppi VHS-spólu merktri 19.09.1995. Á hliðina hafði verið skrifað með rauðum hástöfum:

ATH! EKKI TAKA YFIR!

„Er þetta ekki bara Friends?“ spurði Helga og stökk á fætur.

„Díses Helga, veistu ekkert? Friends er ekki svona gamalt,“ sagði Olga sem sat nú enn nær Sesari. Það kæmist varla blað á milli þeirra.

„Það er bara ein leið til að komast að því hvað þetta er.“ Jonni blés rykið af vídeótækinu og fálmaði eftir snúrum.

„Kanntu eitthvað á þetta drasl?“ spurði Sesar efins. Loks kviknaði á sjónvarpinu



og skjárinn fylltist af hvítum kornum sem minntu helst á snjóbyl. Hávært suðið var ærandi og Sesar þoldi greinilega ekki meira.

„Hvar er fjandans fjarstýringin? Gaur, lækkaðu í þessu!“

„Það er engin fjarstýring. Þetta er gamaldags dót,“ heyrðist í Jonna sem lækkaði í sjónvarpinu með hnappi á hlið sjónvarpskjásins.

Eftir nokkrar mínútur af fikti ákvað Sólveig að koma frænda sínum til hjálpar. Ef henni tækist að koma rykföllnum forngripnum í gang myndi Sesar kannski taka eftir henni.

„Leyfðu mér,“ sagði hún og stjakaði frænda sínum til hliðar. Svo leit hún á Sesar og brosti. „Þetta getur ekki verið svo flókið.“

Með fumlausum hreyfingum tengdi Sólveig eina snúruna úr vídeótækinu í rafmagnstengil á veggnum. Þrjár litlar snúrur, hver í sínum lit, smullu í bakhlið sjónvarpsins. Grænt ljós birtist á vídeótækinu og Sólveig smeygði spólunni varlega inn. Hún fann

heitt augnaráð Sesars á bakinu á sér.
Með öran hjartslátt leit hún við og augu þeirra mættust andartak.

Sekúndubroti síðar voru augu þeirra allra límd við skjáinn.

„Glötuð gæði,“ sagði Sesar. Hann hafði lagt frá sér tölvuna og sest fremst á dýnu-brúnina. Olga mjakaði sér framar til að missa hann ekki of langt frá sér. Athygli Sesars var hins vegar öll á sjónvarpinu. Svarthvít og kornótt myndin fraus og hökti í sífellu en fór loks að rúlla.

Á skjánum sáu þau frá sviðinu yfir matsal skólans. Í einu horni myndarinnar blikkaði sama dagsetning og stóð á hulstrinu utan af spólunni. Þar var líka tímasetningin 23:35 sem mjakaðist áfram, mínútu fyrir mínútu. Matsalurinn var mannlaus en það var ekki skrítið á þessum tíma dags. Sólveig mundi ekki eftir að hafa séð eftirlitsmyndavélar inni í skólanum. Hún velti því fyrir sér hvaða

tilgangi upptakan þjónaði eða til hvers spólan hafði verið geymd.

„Það er ekkert að fréttu hérna,“ sagði Olga og krosslagði handleggina.

„Jú mar. Það er snilld að geta séð skólann eins og hann var. Sko, áður en við fæddumst! Sjáðu gluggatjöldin. Vá, hvað þau eru skræpótt,“ sagði Jonni og brosti.

Sólveigu fannst frændi sinn stundum óþolandi jákvæður. Hún var samt innilega sammála. Það var eitthvað forvitnilegt við að kíkja svona aftur í tímann.

„En af hverju stendur „ekki taka yfir“ á spólunni? Það gerist ekkert spennandi,“ spurði Olga. Sesar yppti öxlum og gerði sig líklegan til að opna tölvuna sína aftur.

„Spólum aðeins áfram,“ sagði Sólveig og gaf frænda sínum gott olnbogaskot. Hann lét undan og ýtti á hnapp á vídeótækinu. Þau fylgdust með á skjánum á meðan myndin þaut áfram á margföldum hraða.

„VÓ! Hvað var þetta?“ Helga færði sig alveg upp að skjánum.

„Hvað?“ spurði Jonni hissa og ýtti á pásu.

„Spólaðu til baka ... sjáðu skuggann.“

Jonni gerði eins og hún bað og stoppaði þegar klukkan sýndi 23:58. Enn var matsalurinn algjörlega mannlaus.

„Það er ekkert þarna. Þú varst bara að ímynda þér þetta,“ sagði Olga og sendi systur sinni harkalegt augnaráð. Sólveigu grunaði að Olga vildi bara halla sér þétt upp að Sesari og klára kvikmyndina. Helga neitaði þó að gefa sig.

„Víst sá ég eitthvað. Beint fyrir utan gluggann. Þarna!“

Á skjánum mátti greina örlitla hreyfingu. Eins konar skugga sem þaut fram hjá glugganum.

„Ókei Helga róleg. Það var bara einhver í göngutúr og labbaði fram hjá glugganum.“ Olga rúllaði augunum.

Sesar hafði hallað sér aftur. Sólveig fylgdist með Olgu reyna að koma sér vel fyrir. Sem betur fer var augnablikið liðið og nú var gott bil á milli þeirra.

Sólveig gerði sig líklega til að setjast en varð litið á skjáinn. Hún stirðnaði upp. Skuggaveran hafði birst aftur á skjánum en ekki fyrir utan skólann, heldur í miðjum matsalnum. Krakkarnir tóku andköf og Sólveig fann kuldahroll læðast upp eftir hnakkanum.

Lögreglustöðin

„Bíddu, ég skil ekki,“ sagði lögregluþjónninn og hélt áfram. „Skuggaveran? Var þetta maður eða kona? Fullorðinn einstaklingur eða barn? Eða kannski unglingur? Hvað sástu meira?“

Sólveig dæsti á meðan konan dældi yfir hana spurningum.

„Hérna ... Hvað heitirðu aftur?“

„Kristín ... Kristín Lind Ólafsdóttir, fyrirgefðu ég gleymdi víst að kynna mig. En aftur að skuggaverunni.“

„Einmitt. Kristín ... á ég ekki bara að útskýra þetta?“ sagði Sólveig þreytulega. Hún vissi að sagan átti bara eftir að verða flóknari.

Eðlilegasta útskýringin

„Fjandinn sjálfur! Er hann kominn inn í skólann? Spólaðu til baka,“ sagði Sesar ákveðinn.

„Maður segir viltu,“ muldraði Jonni í hálfum hljóðum og spólaði til baka um hálfu mínútu.

„Hann birtist bara upp úr þurru“ sagði Helga svo tók við mesta gelgjukast sem Sólveig hafði upplifað.

„Dísúss, hvað ef þetta er draugur, þú veist, fólk birtist ekki bara á miðju gólfi!“ Það ískraði í Helgu af æsingi.

„Nákvæmlega! Og þetta gerðist á slaginu TÓLF á miðnætti. Ég brjálást!“ sagði Olga og var loks sammála systur sinni.

Sólveig réð ekki við sig og ranghvolfdi augunum. „Þetta er bara spólan, þið sáuð alveg hvernig hún hökti í byrjun. Það vantar bara eitthvað inn í.“

„Já, Sólveig, það er líklega rétt hjá þér,“ sagði Jonni og reyndi að brosa.
„Eðlilegasta útskýringin er yfirleitt sú rétta.
„Glætan!“ heyrðist í Olgu. „Draugurinn stendur bara grafkyrr í miðjum matsalnum. Það er ekkert eðlilegt við þetta!“
Sólveig og Jonni horfðu vantrúa á skuggaveruna sem sneri baki í myndavélina á miðju gólfinu.

„Oh, ég vildi að það væri ekki svona dimmt. Þá gætum við séð hann betur,“ sagði Helga og Olga tók undir.

„Er ekki hægt að súmma á þessu drasli,“ spurði Sesar og gekk að vídeótækinu. Hann renndi fingrunum yfir rykuga takkana í leit að einhverju sem minnti á zoom-takka.

„Djöfuls drasl.“

„Bíddu, á hvað ýttirðu? Gaurinn er horfinn!“ sagði Olga hissa.

„Ég gerði ekki neitt! Labbaði hann ekki bara í burtu?“

„Sesar í alvöru, varstu að spóla eða eitthvað?“

„Nei, ég sver það! Ég gerði ekki rassgat.“

Jonni spólaði hægt fram og til baka. Hópurinn sá hvernig skuggaveran stóð grafkyrr í nokkrar mínútur og hvarf svo jafn hratt og hún hafði birst.

„Þetta er bara eitthvað hökt á spólunni, ekki láta svona barnalega,“ sagði Sólveig. Hún reyndi að spila sig harða en kulda-hrollur ferðaðist hægt upp eftir hryggjar-súlunni. Hvað ef þetta var í alvörunni draugur?

„Ömm ... krakkar! Hann er ekki horfinn,“ sagði Helga og færði sig enn nær sjónvarpinu. Hún lyfti hendinni hægt upp og benti í átt að vinstra horninu.

„Hann er þarna. Í tröppunum.“

„Dísúss! Ég tryllist! Hvað er eiginlega í gangi?“ spurði Olga. Svo greip hún í handlegg Sesars og hallaði sér að honum.

Vá. Hrædda stelpan ... frumlegt, hugsaði Sólveig pirruð. Það virtist sem Sesari líkaði athyglin. Hann losaði sig allavega ekki undan þéttu taki Olgu.

Sólveig starði beint fram fyrir sig. Á skjánum mátti sjá flöktandi myndina og fætur skuggaverunnar; hún stóð sem frosin í tröppunum.

„Hann hlýtur að vera á leiðinni upp á loft,“ sagði Sólveig á meðan hún velti fyrir sér undarlegri hegðun mannsins.

„Af hverju labbar hann þá ekki upp?“ spurði Jonni. „Hann stendur bara kyrr í tröppunum.“

„Kannski er einhver þarna uppi ...“ Röddin í Helgu skalf örlítið.

„Eins og hver!?“ sagði Sesar. „Svona í alvöru krakkar, eina manneskjan sem


gæti verið svona seint um kvöld inni í skólanum er húsvörðurinn. Úúú, kannski er þetta húsvörðardraugurinn.“ Sesar hló að eigin fyndni. Olga hló smástelpulega en brosið náði ekki til augnanna.

„En kennarar eru líka með lykla,“ leiðrétti Jonni. Hann teygði sig í átt að tækinu til að spóla en snarhætti.

Veran tók skref upp í næsta þrep. Svo annað og loks hvarf hún þeim alveg sjónum.

„Ókei, hann fór upp. Getum við hætt núna,“ spurði Olga sem var greinilega orðin skelkuð.

„Bíddu! Hann kemur aftur niður,“ sagði Jonni. Hann greip andann á lofti



þegar veran lyppaðist niður þrepin og féll í gólfið, höfðinu styttri! Stór og dökkur pollur myndaðist í kringum það sem eftir var af manninum.

Strax á eftir rúllaði höfuðið niður tröppurnar, eins og keilukúla. Það stoppaði loks í pollinum og andlitið litaðist blóði.

Krakkarnir öskruðu hátt og Jonni stökk til og stoppaði myndbandið. Sólveig gat varla andað. Hvað höfðu þau eiginlega verið að horfa á?

Komum heim

„Þetta var rosalegt maður,“ heyrðist í Sesari. Sólveigu fannst hann óþægilega spennur yfir höfuðlausum manningum á skjánum.

„Ha? Var sem sagt í alvöru húsvörður í skólanum sem missti hausinn?“ sagði Olga. Hún rifjaði upp fyrir þeim söguna um hauslausa húsvörðinn. Eina af ótal draugasögum sem þau höfðu heyrt í gegnum árin.

Jonni svaraði án þess að blikna. „Fólk missir ekki höfuðið, það er afhöfðað. Einhver hjó höfuðið af manningum. Í tröppunum. Í skólanum okkar.“

„Sáuði gaurinn standa þarna eins og hauslaus hæna og svo bara, dúnk í gólfið.“ Sesar hló hátt.

„Finnst þér þetta fyndið?“ spurði Jonni og fiktaði í vídjótækinu. „Við sáum manneskju deyja í skólanum okkar.“

„Eh, ekki í alvöru samt. Bara á spólu sko,“ hnussaði í Sesari.

Sólveig skildi ekki af hverju hún var skotin í honum. Hann var algjör bjáni. En hann var bara svo sætur bjáni. Sólveig gróf sig dýpra inn í hettupeysuna. Hún reyndi að gleyma því sem hún hafði séð. Opnum hálsinum og dökku blóðinu sem var loks hætt að renna á skjánum. Risastór pollur umlukti búkinn líkt og hringlaga teppi. Hún hryllti sig og nuddaði augun.

„Hvað er á restinni af spólunni? Kannski kemur löggan,“ sagði Sólveig vongóð og Jonni spólaði áfram.

Í tæpan klukku tíma lá höfuðlaust líkið á gólfinu en svo sáu þau hreyfingu á skjánum. Niður tröppurnar gekk dökkklædd manneskja. Hún staðnæmdist við líflausan skrokkinn og greip um fæturna á honum og dró hann af stað í átt að tröppunum.

Tvíburasysturnar æptu, Jonni greip fyrir augun og Sólveig hélt annarri hendinni fyrir galopnum munninum.

„Vá, kúl,“ heyrðist í Sesari. „Þarna er morðinginn.“

Þau horfðu agndofa á dökklæddu manneskjuna toga líkið upp tröppurnar, skref fyrir skref.

Sólveig gat ekki horft á meira. Þau spóluðu áfram. Í þrjá tíma gerðist ekkert. Enginn kom aftur niður tröppurnar. Aldrei mætti lögreglan eins og Sólveig vonaði svo heitt. Skyndilega stoppaði klukkan og allt varð svart. Jonni ýtti á eject-takkann og sá að spólan var búin.

„Er eitthvað hinum megin?“ spurði Sesar óþreyjufullur.

„Hinum megin?“ spurði Sólveig undrandi.

„Já, þú veist, það eru alltaf tvær hliðar á kasettum. Já, og plötum og öllu svona gömlu.“

„Ég held þetta virki ekki þannig Sesar,“ sagði Sólveig og þvingaði fram bros.

„Ókei, skiptir engu. Ég ætla upp á loft. Komið með?“ spurði Sesar æstur við litlar undirtektir.

„Æ, getum við plís komið heim,“ sagði Helga með grátstafinn í kverkunum. Tvíbúrasystir hennar hélt enn dauðahaldi í Sesar.

„Ég held það sé best,“ tók Sólveig undir. Hún vildi ekki vera andartaki lengur í skólanum sem virtist nú töluvert óhugnanlegri en hálf tíma fyrr.

„Ég ætla að tékka á tröppunum,“ sagði Sesar ákveðinn og horfði á Jonna.

„Kemurðu með? Eða ertu kannski hræddur?“

„Nei, ég er ekkert hræddur sko,“ svaraði Jonni og roðnaði.

„Ekki ég heldur,“ sagði Sólveig. „Ég get alveg farið þangað. Ég vildi bara ekki að litlu stelpunum liði illa.“

Helga horfði bænaraugum á Olgu sem stóð enn þétt upp við Sesar.

„Olga, gerðu það, ekki láta svona. Komdu heim,“ bað hún og tók í hönd systur sinnar.

„Oh, komdu þá.“ Olga þóttist vera pirruð en Sólveig sá hvernig hún andaði léttar. Þær gripu töskurnar sínar og stefndu í átt að dyrunum. Olga sneri sér við til að kveðja en Helga gat ekki beðið og kippti systur sinni út um dyrnar.

„Peirra missir, kannski finnum við beinagrind þarna uppi. Og pottþétt hauskúpu,“ sagði Sesar og hló.

Fyrirgefðu, ég ætlaði ekki ...

Í matsalnum hafði ýmislegt breyst frá árinu 1995. Margt var þó eins og á myndbandinu. Þykk leiktjöldin á sviðinu höfðu líklega hangið á sínum stað frá stofnun skólans. Að minnsta kosti miðað við allt rykið sem þyrlandist upp ef einhver rak sig í þau.

Ljósugli dúkurinn á gólfinu var bónaður árlega en reglulegt viðhald gat ekki falið áratuga langa notkun. Gólfið var alsett djúpum rispum. Þarna hafði hver kynslóð laumast inn með með sína tegund af farartæki: reiðhjól, hjólaskauta, hjólabretti, línuskauta og hlaupahjól.

Nýjasta tækið til að þjóta um matsalinn í leyfisleysi var rafknúna svifbrettið hans Sesars. Þrisvar sinnum hafði Tómas sent hann til skólastjórans, sem var auðvitað Tómas sjálfur og öll viðhöfnin því hálf hallærisleg.

Þau gengu hikandi í gegnum matsalinn. Öll ljós voru kveikt en Sólveig sá að úti hafði þykknað upp og það hafði snöggdimmt. Veðrið hafði greinilega versnað mikið.

Tröppurnar blöstu við og Sólveigu hryllti við tilhugsuninni um hauslausa húsvörðinn. Sesar var fyrstur að tröppunum og rétti út hendurnar, eins og til að stoppa Sólveigu og Jonna.

„Það eru örugglega storknaðir blóðdropar hérna.“ Sesar beygði sig niður að gólflistanum. Hann dró upp vasahníf og byrjaði að kroppa í listann.

„Já, einmitt. Auðvitað gengur þú með hníf á þér,“ sagði Jonni og tók skref aftur á bak.

„Bíddu, ert þú ekki skáti eða eitthvað? Eitt sinn viðbúinn skilurðu, þú ættir kannski að hugsa um það sjálfur.

„Gaur, ég á sko alveg hníf. Hann er bara heima.“

„Gagnast ekki mikið núna, er það?“

Listinn losnaði frá veggnum og Sesar beygði sig nær. Vonbrigðin leyndu sér ekki. Bak við listann voru bara örlítill óhreinindi. Sesar lokaði hnífnum og setti hann aftur í vasann.

Sólveig sá hvernig gólfdukurinn virtist skærgulur upp við hvítan vegginn. Hann var reyndar óvenju gulur hjá tröppunum miðað við annars staðar í matsalnum. Sólveig leit niður og sá skörp skil í gólfduknunum. Undir vinstri fæti hennar var dúkurinn rispaður og gamall. Undir þeim hægri virtist hann mun nýlegri.

„Strákar! Sjáiði! Hluti gólfduksins hefur verið skorinn í burtu,“ sagði Sólveig og teygði lófann að Sesari.

Þegjandi og hljóðalaust rétti hann hnífinn til hennar og Sólveig lagðist á hnén við fyrstu tröppuna. Flugbeittur hnífurinn rann auðveldlega undir dúkinn. Sesar beygði sig yfir öxlina á Sólveigu.



Hann var svo nálægt henni að hún gat heyrt hann anda og ...

Allt í einu heyrðu þau dauft hljóð fyrir aftan sig. Þrusk og fótatak. Í ofboði hlupu þau beina leið upp tröppurnar. Fótatakið nálgast hratt. Sólveig hélt niðri í sér andanum. Hvað ef þetta var hauslausí húsvörðurinn? Eða sá sem hjó af honum hausinn? Undarlegir skuggar birtust neðst í tröppunum og Sólveig hélt niðri í sér andanum.

Sesar stóð þétt upp við hana og Jonni var einni tröppu neðar. Hjartað sló trylltan takt í brjósti Sólveigar. Hún gat ómögulega staðið kyrr í þröngri tröppunni. Ótti og spenna blönduðust saman og í ofanálag var Sólveig allt í einu alveg í spreng. Þetta var ekki góður tími til að þurfa að fara á klósettið! Hún iðaði og rak sig laust í Sesar sem leit á hana með súkkulaðibrúnu augunum sínum.

Þessi augu ...

Skyndilega missti Sólveig jafnvægið!

Hún fálmaði út í loftið og greip í Sesar um leið og hún féll beint á Jonna.

Öll þrjú hrundu niður tröppurnar og lentu í einni hrúgu. Sesar var fyrstur á fætur og rétti Sólveigu höndina. Hann togaði hana ringlaða upp.

„Er allt í lagi með ykkur?“ spurði Olga sem stóð allt í einu fyrir framan þau.

„Vó, þetta var rosalegt,“ sagði Helga og gapti. Þið hrunduð bara niður!

Sólveigu létti að sjá að fótatakið hafði tilheyrt tvíburunum en ekki brjáluðum morðingja eða hauslausum húsverði.

Hún leit niður á hönd sína enn læsta í lófa Sesars.

„Sólveig ...“ heyrðist í Jonna sem lá enn flatur á gólfinu. Sólveig svarað engu. Hún var allt of upptekin að hugsa um mjúkan lófa Sesars.



„Sól ... veig. Sjá ... ðu,“ stamaði Jonni með ápreifanlegan ótta í röddinni.

Sesar losaði takið og sneri sér að Jonna.

„Hvað,“ hvæsti Sólveig að frænda sínum. Gat hann aldrei gefið henni smá frið?

Sólveig tók andköf. Þarna lá Jonni á gólfinu með báðar hendur á maganum. Hann lyfti þeim hægt og ljósbrún peysan blasti við, lituð eldrauðu blóði.

Vasahnífurinn var á bólakafi í kviðnum.

Hnífurinn hafði verið í hönd Sólveigar þegar þau duttu niður stigann. Henni snögghitnaði í andlitinu.

„Nei ... Jonni. Fy ... fyrirg ... gefðu, ég ætlaði ekki ...“

Teldu upp að þremur

Sesar reif sig úr peysunni, vöðlaði henni saman og gerði sig líklegan til að þrýsta henni á sárið.

„Bíddu, er ... er í lagi að taka hnífinn út?“ spurði Jonni hikandi.

„Ég skal hringja í 112,“ sagði Sólveig og dró símann upp úr vasanum.

„Símannir...“ sagði Helga og byrjaði að snökta. „Það er ekkert samband. Við komumst ekki út ... stormurinn símannir virka ekki.“

Olga tók utan um systur sína sem grét nú óstjórnlega.

Sólveig starði niður á símann. Hún sló númerið inn í örvæntingu og reyndi að hringja en án árangurs.

„Gúglaðu bara hvað við eigum að gera,“ sagði Sesar á meðan hann þurrkaði svita úr andliti Jonna.

„En það er ekkert net heldur ... Það er allt dautt.“ Sólveg sá strax eftir orðavalinu. Hún leit af Jonna og á tvíburasystemarnar. „Af hverju komist þið ekki út?“

Olga hélt áfram að hugga systur sína meðan hún útskýrði að stór og þung útidyrhurðin væri algjörlega pikkföst. Sesar tók símann sinn upp úr vasanum.

„Ehmm. Minn er líka sambandslaus en mamma er búin að hringja þrisvar sinnum. Og hún sendi mér skilaboð fyrir hálf tíma.“

Sólveig greip símann af Sesari og las upphátt:

„Stormurinn er orðinn að fárviðri. EKKI reyna að ganga heim. BÍÐIÐ í skólanum á meðan veðrið gengur yfir. Þið eruð örugg þar.“

Örugg? hugsaði Sólveig og horfði á frænda sinn sem lá í blóði sínu á gólfinu.

„Við getum ekki haft hnífinn svona. Það þarf að stöðva blæðinguna,“ sagði Sólvieg og beygði sig niður. „Sesar komdu með peysuna, stelpur, finniði sárabindi eða eitthvað sem við getum notað til að ganga betur frá þessu ... Jonni, teldu upp að þremur.“

Tvíburasysturnar hlupu upp tröppurnar og út úr matsalnum. Jonni beit saman tönnunum og með snöggri hreyfingu dró



Sólveig blóðugan vasahnífinn út. Jonni öskraði hátt. Svo reif hann í öxlina á Sólveigu og beit eins fast og hann gat í hettuna hennar.

„Ókei, Jonni, slaka á,“ sagði Sesar sem hélt nú þéttum þrýstingi á sárinu.

„Andaðu bara djúpt ...“

„Andaðu bara sjálfur djúpt,“ gargaði Jonni á Sesar. Eitt augnablik var Sólveigu skemmt. Hún hafði aldrei séð Jonna reiðan áður. Hún hafði reyndar aldrei séð hann með stungusár heldur. Stungusár af hennar völdum. Hvað myndu foreldrar hennar segja? Hvað myndu pabbar hans Jonna segja? Hvað... hvað hafði hún gert?

Tíminn er naumur

Sólveig varð að komast út. Út og á spítalann. Hún varð að sækja hjálp fyrir frænda sinn sem lá fögur á gólfinu. Hún skildi Sesar eftir hjá Jonna og hljóp út úr matsalnum, út ganginn, til hægri fram hjá fatahenginu og að stórri útidyrhurðinni.

Regnið lamdi gluggana og það var augljóst að úti var brjáláður stormur. Mannskaðaveður eins og amma í Fjallinu myndi segja. Þau hefðu bara átt að hlýða Tómasi. Fara heim. En það var of seint að hugsa um það núna.

Sólveig greip ákveðin í hurðina. Tvíbúrasysturnar réðu líklega ekki við þunga hurðina á móti sterkum vindinum.

En það var alveg sama hvað Sólveig ýtti fast. Hurðin bifaðist ekki.

Ekki agnarögn.

Í smástund langaði Sólveigu að setjast á gólfið og leyfa tárunum að streyma fram en tíminn var naumur. Jonni var illa haldinn og yrði að komast á spítala. Hún hljóp eftir ganginum og leitaði að glugga sem hægt væri að opna en án árangurs. Því fleiri glugga sem hún reyndi að opna, því hraðar sló hjartað.

Sólveig tók á rás í átt að starfsmannaganginum. Dyrnar að ganginum voru hins vegar harðlæstar. Henni leið eins og bæði lungun væru við það að springa. Nú myndi pabbi reyna að „stappa í hana stálinu“. Þetta orðatiltæki fór alltaf í taugarnar á Sólveigu. Amma í Fjallinu myndi segja að þess þyrfti alls ekki, Sólveig væri nefnilega sjálf úr stáli. Svo gæfi hún henni rótsterkt kaffi sem Sólveig myndi drekka eins hratt og hún gæti, um leið og það væri orðið nógu kalt. Kaffið var ógeðslegt en Sólveigu var alveg sama. Henni þótti vænt um hvernig gamla konan leit á hana



sem jafningja. Amma hafði trú á Sólveigu. Nú þurfti Sólveig bara að hafa trú á sjálfri sér.

Einhvers staðar hlaut að vera útgangur. Kannski gæti hún fundið opinn glugga og troðið sér út. Sólveig sneri við og gekk ákveðin að gömlu álmunni sem var algjörlega myrkvuð. Um leið blótaði hún Tómasi í huganum fyrir hafa bara ljós í matsalnum, tveimur kennslustofum, starfsmannaganginum og kaffistofunni.

Allt í einu fannst Sólveigu hún sjá daufan skugga hreyfast við enda gangsins. Hún fraus í sporunum. Í huganum sá hún hvernig skuggaveran hafði staðnæmst í tröppunum og starað fram fyrir sig áður en ...

Hjarta Sólveigar sló hraðar og hraðar.

„Halló,“ kallaði hún hikandi röddu.

„Er einhver þarna?“

Skerandi pískur og fliss tvíburanna barst fyrir hornið. Sólveig fann léttinn færast yfir sig. Samstundis byrjaði reiðin að ólga.

„Eruði að djóka?“ kallaði Sólveig á systurnar.

„Hvað?“ heyrðist í Olgu á móti með hneykslunartón í röddinni sem gerði Sólveigu enn pirraðri.

Þær voru komnar alveg að Sólveigu. Augun voru farin að venjast myrkrinu. Ef hún pírdi augun gat hún greint Olgu hægra megin og Helgu til vinstri.

„Parftu að spyrja? Frændi minn er að deyja! Þið áttuð að finna sárabindi en hlaupið í staðinn um gangana í hláturskasti. Er ykkur alveg drullusama um Jonna?“

Sólveig var svo reið að það sauð á henni. Hún fann hvernig blóðið frussaðist fram í hendurnar sem krepptust ósjálfrátt saman í hnefa. Hún hafði aldrei lent í slag en á þessari sekúndu langaði hana ekkert meira



en að ráðast á tvíburana. Hún réði eflaust auðveldlega við þær, þó þær væru tvær og hún bara ein.

„Vó! Róleg á dramanu, Sólveig. Hann er ekkert að deyja, sko. Hann skar sig bara aðeins.“ Olga skaut út annarri mjöðminni. Um leið blés Helga risastóra tyggjókúlu sem sprakk með hveli.

„Funduð þið allavega sárabindi?“

„Nei, en ... Við erum sko á leiðinni upp til hjúkkunnar,“ sagði Helga og gekk ákveðin í átt að stiganum. Olga fylgdi á eftir og Sólveig stillti sig um að hlaupa þær niður í bræðiskasti.

Út um stóran glugga við enda gangsins sá Sólveig að veðrið hafði versnað enn frekar. Himinninn var nær svartur af óveðursskýjum.

„Hei, það er opið,“ heyrðist í Helgu.

Lögreglustöðin

Sólveig var orðin rúm og röddin var við það að bresta. Hún kyngdi munnvatni en það dugði ekki til.

„Má ég fá vatn?“

„Ha, já, auðvitað,“ sagði Kristín. Svo stóð hún upp og gekk fram.

Sólveig horfði í kringum sig á brún húsgögnin.

Yfirheyrsluherbergið var í raun bara fundarsalur á lögreglustöðinni en flestir stólarnir höfðu verið fjarlægðir.

Sólveig óskaði þess heitt og innilega að hún hefði símann sinn. Hún fiktaði við naglaböndin. Neglurnar sem voru fínar í gærmorgun voru nú nagaðar ofan í kviku eftir spennuþrungna atburðarásina.

Sólveig reyndi að reikna í höfðinu hvað klukkan gæti verið. Pabbi og mamma voru örugglega rétt ókomin. Sjálf var hún


dauðþreytt og gat ekki beðið eftir því að komast í mjúkt rúmið sitt. Hún varð að klára samtalið við lögguna á meðan hún héldi enn augunum opnum.

Lögreglan hafði útskýrt fyrir Sólveigu að þetta væri ekki formleg yfirheyrsla. Bara smá spjall. Hér væru allir vinir. Hún gæti treyst þeim. Þetta yrði allt í lagi. Allar klisjurnar á einu bretti til að róa taugar brjálaða unglingsins.

Dyrnar opnuðust og inn gekk Kristín Lind með pínulítið plastglas.

„Er sódavatn ekki fínt?“ spurði hún þegar hún settist í stólinn á móti Sólveigu.

Sólveig nennti ekki að biðja um venjulegt vatn en fitjaði upp á nefið þegar súrt sódavatnið rann niður skraufpurran hálsinn.



Ganga draugar með lykla?

Nokkrum sinnum á ári kom hjúkrunarfræðingur í skólann til að bólusetja, vigta og spjalla við krakkana um öruggt kynlíf. Sólveig hafði aldrei séð hurðina að skrifstofunni standa opna. Ekki nema þegar hjúkkan var á staðnum. Óþægileg tilfinning læddist að henni. Það brakaði í dyrunum þegar Helga ýtti þeim hægt upp á gátt.

„Bíddu,“ sagði Olga og kveikti á vasaljósinu á símanum. Hún lýsti yfir tómlegt herbergið.

„Stelpur finnst ykkur ekkert skrítið að þessar dyr hafi verið opnar?“ sagði Sólveig og skimaði yfir hillurnar.

„Skiptir það máli?“ spurði Olga og rótaði í djúpri skúffu.

„Hvað ef draugurinn opnaði?“ spurði Helga skjálfandi röddu. Sólveig var fegin að þurfa ekki sjálf að spyrja þessarar

asnalegu spurningar sem hvarflaði þó vissulega að henni.

„Einmitt. Af því að draugar ganga með lykla?“ sagði Olga með kaldhæðnistón í röddinni.

„Já, reyndar. Ef það er hauslausí húsvörðurinn. Hann hlýtur að vera með lykla að öllu.“

Olga hristi höfuðið í vantrú. Örlítið samviskubit læddist að Sólveigu fyrir að taka ekki undir með Helgu. Hugmyndin um hauslausan húsvörð var ekki lengur svo fáránleg. Ekki eftir allt sem þau höfðu séð á myndbandinu.

„Eru þetta sárabindi?“ spurði Helga og hélt uppi grófum hvítum vöndli.

„Nei, þetta er gips. Við notuðum svona í myndlist í fyrra,“ svaraði Sólveig og reyndi að ranghvolfa ekki augunum. Hún gekk að útvegg stofunnar þar sem tveir gluggar sneru út að götunni.

Gluggakarmarnir voru sprungnir og þaktir ljótum svörtum blettum. Tvöfalda glerið var fyrir löngu ónýtt. Gluggajárnið var ryðgað og stirt. Með því að leggjast af öllum þunga með öxlina á gluggann náði hún opna hann um nokkra sentimetra.

Jafnvel þótt Sólveig kæmist út um gluggann var hún uppi á þriðju hæð. Stormurinn hvein og Sólveig sá fyrir sér hvernig snörp vindhviða gæti þeytt henni niður á grjóthart malbikið. En eitthvað varð hún að gera.

„Ég fann þetta,“ hrópaði Olga og hélt uppi rúllu af sárabindi.

„Drífið ykkur með þetta til Jonna. Ég þarf að skoða svolítið.“ Sólveig horfði á eftir systrunum hlaupa út á dimman ganginn.

Sólveig tók hettuna niður og tróð höfðinu út þrönga rifuna á glugganum. Stormurinn lamdi hana fast í andlitið. Ískaldir regndropar blönduðust söltum tárur sem spruttu ósjálfrátt fram í augnkrókana.



Það var sama hvernig Sólveig reyndi að telja í sig kjark. Hún komst ekki út. Þetta virtist alltaf svo auðvelt í bíómyndunum. Hetjurnar eltu vondu kallana óhikað út á hvassar klettabrúnir. Svo hoppuðu þeir milli húspaka, stukku yfir gjár og út úr flugvélum. Sólveig var hins vegar frosin af hræðslu.

Út um gluggann sá hún ryðgað þakjárnið og sprungurnar í veggjunum. Helvítis gamli skóli, hugsaði Sólveig. Svo rak hún allt í einu augun í einhvers konar kastara á þakinu.

Hún bakkaði inn úr stormunum og strauk höndinni yfir veðurbarið andlitið. Hvað var þetta? Varla myndavél og ekki skólabjalla. Hún hafði aldrei séð ljós þarna, enda var þetta ekki ljóskastari ... Þetta var einhvers konar lúður, ... eða gjallarhorn?

Lögreglustöðin

„Var það þá sem þú fannst almannavarna-flautuna? spurði Kristín. Hún hallaði sér fram í sætinu og horfði stíft í augu Sólveigar.

„Almannavarna hvað? Ég vissi ekkert hvað þetta var. Veit það ekki enn.“

„Hvernig komstu henni í gang?“ spurði Kristín Lind og virtist efins.

„Ég man það ekki.“ Sólveig fann kökk myndast í hálsinum og kyngdi. Þetta var allt saman of ótrúlegt. Það myndi enginn trúá henni.

„Þú getur treyst mér.“ Kristín hallaði sér yfir borðið og rétti Sólveigu opinn lófann.

„Ég er ekkert smábarn, sko. Þú þarft ekki að halda í höndina á mér til að fá mig til að tala.“ Sólveig krosslagði hendurnar og hörfaði.

„Talaðu þá,“ sagði Kristín Lind og krosslagði hendurnar líka, eins og til að ögra Sólveigu.

„En ... þetta er svo asnalegt. Þú trúir mér aldrei.“

„Láttu á það reyna. Ég hef heyrt ýmislegt í mínu starfi. Séð ótrúlegustu hluti.“

„Eins og hvað?“ spurði Sólveig og slakaði aðeins á.

„Bara ... alls konar. Allt sem þér dettur í hug og meira til.“

„Ekki drauga.“

„Reyndar ekki. Og þó,“ sagði Kristín og hagræddi sér í stólnum. „Ég hef orðið vitni að dularfullum atburðum. Séð andlát sem ekki er hægt að útskýra. Fundið fyrir óþægilegri nærveru.“

„Þetta var meira en nærvera,“ sagði Sólveig og losaði hendurnar. Hún dró djúpt andann og lét vaða.



Lyklaglamur og fótatak

Sólveig pírði augun og reyndi að átta sig á gjallarhorninu á þakinu. Hana rámaði óljóst í útskýringar þabba á fyrirbærinu fyrir nokkrum árum. En minningin var í móðu, eins og margar af minningum Sólveigar.

Af hverju gat hún ekki hlustað? Jafnvel þó hún hlustaði á foreldra sína gat hún aldrei munað það sem þau sögðu.

Stundum leið Sólveigu eins og hún hefði fæðst með tappa í eyrunum. Í hvert sinn sem þabbi byrjaði að tala lokuðust eyrun á henni. Mamma talaði sem betur fer minna. Þær Sólveig gátu þá allavega verið í sama herbergi. Setið saman í þögn, hvor í sínum símanum.

Þabba fannst fátt mikilvægara en að kenna Sólveigu allt um gamla og löngu úrelta tækni. Þegar hún var yngri höfðu þau varið öllum stundum saman í bílskúrnum. Þau

höfðu rífið í sundur útvarpstæki og tengt upp á nýtt. Pabbi kenndi henni að skipta um rafmagnskló þegar hún var aðeins níu ára. Draga rafmagn í vegg þegar hún var 11 ára. Svo einn daginn fékk Sólveig nóg. Pabbi suðaði stanslaust í henni að koma með honum að „græjast“ í skúrnum en hún nennti því ekki. Hún hvæsti á pabba að láta sig í friði. Svo, einn daginn, hætti pabbi að suða. Nú vildi Sólveig óska þess að hún hefði hlustað betur þegar hann sagði henni frá þessu undarlega fyrirbæri á þaki skólans. Sólveig var orðin rennandi blaut í framan þegar hún bakkaði aftur inn í stofuna. Hugsanir um pabba og Jonna frænda runnu saman í eitt og Sólveigu fannst hún ekki geta gert neitt rétt. Kröftugur vindurinn feykti glugganum aftur. Um leið og lætin í storminum minnkuðu fannst Sólveigu hún heyra fótatak nálgast.

Varla voru stelpurnar komnar strax til baka? Þetta gátu ekki verið þær.

Regndropi lak frá blautu hárinu og fann sér leið niður hnakka Sólveigar. Ískaldur regndropinn kitlaði á henni hálsinn og hún fann hvernig hvert einasta litla hár reis upp frá húðinni. Sólveig gat ekki staðið þarna inni stundinni lengur og hljóp af stað. Um leið og hún hætti að hlaupa heyrði hún fótatak og lágvært glamur fyrir aftan sig. Þetta hljómaði eins og málmur að skella saman. Lyklar á stórri lyklakippu ...

Nú hef ég endanlega misst vitið, hugsaði Sólveig. Þetta er bara vindurinn. Stormurinn býr til þessi hljóð. Ekki lyklar ...

Sólveig hljóp fyrir hornið og bakkaði að veggnum. Hún kreisti aftur augun. Reyndi að láta sig hverfa inn í myrkrið. Undarlegt lyklaglamrið færðist nær og fótatakið varð þyngra.

Augun voru sem límd aftur. Hún gat ekki opnað þau, sama hvað hún reyndi. Það hægðist á fótatakinu og veran var komin alveg að henni. Ef hún teygði út höndina



gæti hún eflaust snert hann. Hauslausa húsverðinn. Um leið fannst henni eins og loftið yrði þykkara. Lyktin verri. Það varð erfitt að anda. Svo var eins og hann hefði gengið fram hjá henni og fótatakið fjarlægðist á ný.

Sólveig opnaði augun og hugmynd skaut niður í höfði hennar. Lyklarnir! Væri hauslausi húsverðurinn með lykla gæti Sólveig farið inn á starfsmannaganginn. Þá kæmist hún út úr skólanum. Hún gæti sótt hjálp!

Sólveig dró andann eins djúpt og máttlaus lungun leyfðu. Titrandi andardrátturinn skilaði litlu en Sólveig vissi hvað hún yrði að gera. Skuggi hauslausa húsvarðarins var kominn fyrir hornið og glamrið í lyklunum fjaraði hratt út.

Sólveig gekk af stað en ekki í burtu frá fótatakinu heldur í áttina að því. Á eftir húsverðinum.

Lögreglustöðin

„Hvenær koma foreldrar mínir?“
spurði Sólveig lágum rómi.

„Það er snarvitlaust veður, vinan.
Bæjarbúum hefur verið skipað að halda
sig inni á meðan óveðrið gengur yfir.“

„En ég er bara sextán ára. Það er bannað
að yfirheyra mig nema mamma og pabbi
sáu hérna með mér.“ Sólveig hafði séð
nóg af sjónvarpsþáttum til að vita ýmislegt
um réttindi sín.

„Þetta er nú varla yfirheyrsla,“ sagði
lögregluþjónninn og krosslagði hendur.
Sólveig sá hvernig Kristín var við það
að missa þolinmæðina.

„Þú getur samt ekki neytt mig til að segja
þér hvað gerðist,“ hnussaði í Sólveigu.

„Það er ágætt að fá atburði næturinnar
á hreint á meðan þeir eru enn þá í fersku
minni.“

Sólveig dæsti. Versta nótt lífs hennar yrði í fersku minni að eilífu. Hún gæti aldrei gleymt því sem gerðist. Því sem hún sá.

„Þú hlýtur að geta útskýrt hvað þú varst að þvælast þarna ein.“

Sólveig fannst óþægilegt hvað Kristín var orðin æst. Svitinn spratt fram á enni óléttla lögregluþjónsins og hún var staðin upp úr stólnum sínum.

„Hvar fékkstu lyklana? Og ekki reyna að selja mér eitthvert kjaftæði um hauslausan húsvörð. Það vita allir að það er bara draugasaga.“

„En myndbandið ... við sáum ...“

„Trúirðu öllu sem þú sérð í sjónvarpi og bíó?“ Kristín sveiflaði höndunum til að leggja áherslu á orð sín.

„Þetta var upptaka úr öryggismyndavél ... Þetta gerðist í alvöru!“ Rödd Sólveigar var við það að bresta. Hún sá hvernig Kristín dró djúpt inn andann, eins og til að róa

sig niður. Svo varð hún mildari á svip og fékk sér aftur sæti.

„Sko. Sólveig ... Það sem þið sáuð var bara skólaverkefni. Stuttmynd nokkurra krakka í tíunda bekk.“

„Og hvernig veistu það? Af hverju er endilega rétt það sem þér finnst en ekki það sem ég sá?“

„Nú, ef einhver ætti að vita það væri það ég! Fyrir mörgum árum bjó ég þetta myndband til með vinum mínum í skólanum.“

Sólveig trúði varla því sem Kristín sagði. Myndbandið sýndi þá ekki alvöru morð.

„En höfuðið ... og blóðið?“

„Hefurðu aldrei heyrt um brellur? Höfuðið var úr gipsi. Við eyddum heilli önn í myndmennt að fönndra hausa og henda þeim niður stigann. Blóðið var meira vandamál. Við reiknuðum ekki með því að matarliturinn myndi festast

í dúknum. Það varð allt vitlaust. Dúkurinn eyðilagðist og skólastjórinn rukkaði foreldra okkar um bætur.“

Kristín gerði hlé á máli sínu og fékk sér stóran sopa af sódavatni. Hún var greinilega orðin þreytt á því að reyna að draga söguna upp úr Sólveigu.

„Pá veistu það. Það var enginn draugur. Þú varst bara hrædd, sást einhverja skugga og ímyndaðir þér draug í myrkrinu. Ég skil það svo sem en nú þarf ég að fá sannleikann. Spýttu þessu út úr þér krakki. Ég hef ekki endalausán tíma í þetta rugl.“

Krakki ... Sólveig hataði þetta orð. Hún var enginn krakki. En það var bara ein fullorðin manneskja sem sá hana ekki sem krakka. Amma í Fjallinu.

Um leið var barið fast á hurðina. Kristínu brá. Hún tvísteig áður en hún opnaði dyrnar og inn ruddist holdvot mannvera með hettu yfir andlitinu.

„AMMA!“ hrópaði Sólveig og stökk á fætur.

„Hvaða djöfulsins vitleysa er þetta? Ekki ertu að yfirheyra hana án forræðismanna?“ hrópaði amma og barði í borðið.


Sólveig faðmaði ömmu að sér og varð um leið rennandi blaut. Það var ekki þurr þráður á regnkápu ömmu.

„Amma, hvernig komstu hingað?“

„Það þarf meira en örlítinn gust til að stöðva mig,“ sagði amma. Svo hvessti hún augun á lögregluþjóninn.

„Helltu nú upp á nýtt kaffi fyrir okkur. Það vill enginn þetta helvítis ropvatn.“

Með snöggri hreyfingu greip amma sóðavatnglasið og skvetti úr því á gólfið.



„Hana! Út með þig! Og ekki voga þér að stíga aftur hingað inn nema með nýlagað og rótsterkt kaffi!“ Amma hvæsti á Kristínu sem hrökklaðist aftur á bak út úr herberginu.

Loks voru amma og Sólveig einar í herberginu. Rýmið virtist ekki jafn kuldalegt nú þegar gamla konan var komin. Jafnvel þótt þær væru báðar blautar og kaldar.

„Svona, svona. Segðu mér hvað gerðist.“

Um leið byrjuðu tórin að renna.


Sólveig vissi að amma myndi trúá henni. Ekki telja hana ruglaða eða ímyndunarveika. Sólveig andaði djúpt og lét allt flakka.

Skref fyrir skref

Sólveig gekk hikandi á eftir húsverðinum. Hún sá óljósar útlínur í myrkrinu fyrir framan sig. Það mótaði fyrir fótleggjum, breiðu baki og sverum handleggjum. Axlirnar voru sterkbyggðar en augu Sólveigar staðnæmdust á hálsinum. Þar sem átti að vera höfuð var ekkert. Enginn skuggi. Engar útlínur. Bara ekkert. Þau gengu lengra og hraður hjartsláttur Sólveigar róaðist smám saman.

Allt í einu var hún ekki lengur hrædd. Tilhugsunin um hauslausa húsverðinn hafði verið miklu verri en að sjá hann í raun og veru. Það var augljóst að hann vildi henni ekkert illt. Annars hefði hann látið til skarar skríða fyrir löngu.


Skref fyrir skref gekk hún á eftir honum inn myrkan ganginn. Niður úr vinstri lófa húsvarðarins hékk stór málmhringur með



ótal gömlum lykllum. Í hverju skrefi slógust lyklnir saman. Takturinn var þungur og dáleiðandi. Skyndilega beygði hann til vinstri. Þau voru ekki á leiðinni niður að starfsmannaganginum. Þess í stað stefndi hann að þröngum stiga sem lá upp á háaloft. Sólveig hugsaði um allar hryllingsmyndirnar þegar heimska stelpan gerir allt sem hún á einmitt ekki að gera. Hún mundi eftir að hafa hrist höfuðið í vantrú, jafnvel hrópað á sjónvarpið. Hér var hún samt, um það bil að elta hauslausan draug, upp á dimmt og drungalegt ris í gamalli skólabyggingu. Efst í tröppunum voru litlar dyr. Sólveig beið á meðan húsvörðurinn fann réttan lykil. Hún elti hann inn og dyrnar lokuðust að baki þeim. Inni var ískalt. Súr og þung lykt fyllti loftið. Dauf birta barst inn um lítinn glugga.

Húsvörðurinn hafði allan tímann snúið baki í Sólveigu. Nú sneri hann sér hægt að henni. Svo benti hann með annarri

hendinni í átt að stórum loftkút undir súðinni. Sólveig elti hann hikandi. Hún fylgdist með hauslausum draugnum bauka við loftkútinn. Um leið hugsaði Sólveig að húsvörðurinn hefði engin augu og gæti þar af leiðandi ekkert séð. Hún flissaði lágt með sjálfri sér. Aðstæðurnar voru svo skrítnar að augnleysi draugsins var varla það undarlegasta. Með fumlausum hreyfingum opnaði húsvörðurinn lítinn loka og hleypti lofti úr kútnum inn á pípu sem lá upp í loft.



Allt í einu heyrðist hávært og skerandi flaut fyrir ofan þau. Flautið var svo hátt að Sólveig greip fyrir eyrun og klemmdi aftur augun. Hávaðinn var óbærilegur og virtist aldrei ætla að hætta.

Sólveig mundi nú eftir lúðrunum á þaki skólans!

Húsvörðurinn hafði sett þá af stað og nú flautuðu þeir svo hátt að allur bærinn yrði þess var. Björgunarsveitin hlyti að koma. Lögreglan líka og kannski sjúkrabíll. Jonna yrði bjargað. Það yrði allt í lagi.

Sólveig fann hvernig hún slakaði á. Hún tók hendurnar frá eyrunum, sem höfðu vanist hvellu hljóðinu. Svo opnaði hún augun. Í köldu myrkrinu fyrir framan hana var bara grár loftkúturinn. Hauslausi húsvörðurinn var horfinn. Sólveig skimaði í kringum sig og sá að hún var alein á háaloftinu.

Fljótlega bárust blikkandi ljós inn um gluggann. Sólveig leit út og greindi appelsínugula birtu frá björgunar-sveitarjeppanum. Tómas var kominn! Með honum var hópur fólks sem braut sér nú leið inn í skólann. Um leið var eins og loftið í loftkútnum væri að klárast. Flautið varð lægra og þagnaði að lokum. Sólveig hljóp niður í matsal eins hratt og hún gat.



Lögreglustöðin

„Er allt í lagi með Jonna?“ spurði Sólveig ömmu sína.

„Hann jafnar sig vinan. Þeir fluttu hann suður með sjúkraflugi. Hann hefði ekki getað beðið miklu lengur. Þú bjargaðir honum með því að setja gömlu flauturnar af stað.“

„Ég gerði ekki neitt ... húsvörðurinn gerði þetta allt.“

„Já, það var gott að hann lét sjá sig blessaður. Hann hefur ekki getað horft upp á ykkur í hættu. Afabörnin hans.“

Sólveig missti andann. Afabörnin? Var húsvörðurinn afi hennar. Afi þeirra Jonna? Hún kom ekki upp orði. Amma strauk hárið frá andliti Sólveigar og brosti.

„Jæja, Sólveig mín. Það er víst kominn tími til að segja þér allt um hauslausa húsvörðinn. Eins og þetta gerðist í alvöru.“

Lágvært bank barst frá hurðinni og amma stóð upp til að opna. Hún tók við tveimur kaffibollum frá Kristínu. Svo ýtti hún lögregluþjóninum aftur fram áður en hún lokaði dyrunum. Amma rétti Sólveigu sjóðandi heitt kaffið.

„Eins og þú veist lést afi þinn áður en þú fæddist.“

„Já, hann fékk hjartaáfall ... er það ekki?“

„Einmitt. Hann fékk hjartaáfall.“ Amma dró djúpt andann og fékk sér gúlsopa af brennandi heitu kaffinu. Sólveig skildi ekki af hverju amma brenndi sig aldrei þegar hún drakk kaffið svona heitt.

„En var afi minn húsvörður í skólanum? Af hverju vissi ég það ekki?“

„Þetta hefur aldrei verið rætt. Vegna þess hvernig hann lést.“

„En hann fékk hjartaáfall ... Þú varst að segja það.“

„Vissulega. En málið er aðeins flóknara en svo. Veðrið var slæmt daginn sem afi þinn dó. Næstum jafn slæmt og í nótt. Skóladagurinn á enda og börnin á leiðinni heim. Afi þinn stóð vaktina í anddyrinu og aðstoðaði börnin við að komast út. Með honum voru tveir gangaverðir, eins og skólaliðar voru kallaðir í gamla daga. Þau ráku á eftir krökkunum sem voru að klæða sig í skó og úlpur. Afi þinn sá um að opna og loka þungu útidyrnum. Þú veist hvað hurðin er erfið.“

Amma gerði hlé á máli sínu og fékk sér annan sopa af kaffinu. Sólveig hafði enn ekki lyft bollanum sínum enda var öll einbeiting á sögunni hennar ömmu.

„Afi þinn var væntanlega orðinn þreyttur. Þegar síðasta barnið var farið heim gaf hjartað sig endanlega. Hann hneig niður í anddyrinu og lenti milli stafs og hurðar. Sterk vindhviða feykti hurðinni aftur og ...“

„Hvað gerðist?“ hvíslaði Sólveig en hana grunaði svarið.

„Svona heyrði ég söguna frá gangavörðunum. Hurðin lenti á hálsi afa þíns og þannig urðu til allar sögurnar um hauslausa húsvörðinn. Það var ekkert glæpsamlegt við þetta. Enginn morðingi með öxi eða svoleiðis rugl. Krakkar geta skáldað alls konar vitleysu í kringum saklausa atburði. Svo hefur hlaðist utan á söguna í gegnum árin. Það hafa verið sett upp leikrit, búnar til draugasögur og jafnvel bíómyndir. Það er nú það sem gerist þegar börnum er ekki sagður allur sannleikurinn. Þau búa bara til sinn eigin.“

„En af hverju hef ég aldrei heyrt þetta áður?“

„Þetta er óhugnanleg saga, Sólveig mín. Mamma þín fékk að ráða þessu. Þú varst ekki fædd þegar þetta gerðist og pabbi þinn bara lítill drengur. Þetta reyndist

pabba þínum mikið áfall og hann fékk erfiðar martraðir. Mamma þín vildi ekki að sama kæmi fyrir þig. Þú spurðir sjaldan um afa þinn þegar þú varst yngri. Þegar spurningar vöknudu virtist einfaldast að segja þér að hann hefði fengið hjartaáfall. Það er auðvitað satt líka en ...“

„En það er ekki allur sannleikurinn.“

„Einmitt. Ég vildi segja þér þetta fyrir löngu. Foreldrum þínum fannst það óþarfi. Afi þinn missti höfuðið og sagan er blóðug og ljót. Jafnvel þótt þetta hafi verið slys. Mamma þín er hins vegar alltaf dauðhrædd við hurðina.“

„Hún sagði að barn hefði klemmt sig og misst framan af fingrunum.“

„Já. Það gerðist aldrei. Það var bara saga til að hræða þig nóg til þess að þú passaðir þig á hurðinni.“

Um leið og amma hætti að tala varð Sólveig skraufþurr í munninum.

Afi hennar hafði bjargað þeim út úr skólanum. Kannski hefði Jonni dáið ef afi hefði ekki látið sjá sig. En Sólveig gat ekki sagt fólki að hún hefði elt hauslausan draug upp á háaloft. Það myndi enginn trúa henni. Hikandi bar hún kaffibollann upp að vörunum og fékk sér lítinn sopa. Hún kreisti aftur augun þegar beiskt bragðið fyllti munninn.

„Ætli það sé ekki best að við höldum þessu okkar á milli,“ sagði amma og brosti. Stundum var eins og hún gæti lesið hugsanir Sólveigar.

„En almannavarnaflautan. Það heyrðu allir í henni.“

„Já. Þú kveiktir á henni,“ sagði amma án þess að hika.

„Ég?“

„Já, já. Höfum það bara þannig. Þú getur sagt að það hafi verið ólæst upp á háaloft og þú hafir sjálf sett flauturnar af

stað. Þú ert svo mikil græjukelling.
Verulega flink með snúrur og takka.
Það hefurðu frá pabba þínum. Og afa
þínum auðvitað. Ætli þú verðir ekki
fínasti vélfræðingur, eða rafvirki.“





Sólveig hugsaði málið. Hún hafði ætlað í
Kvennaskólann í Reykjavík eftir útskrift.
En það var aðallega til að elta Sesar.
Kannski væri skemmtilegra að fara í
Tækniskólann. Sólveig hafði í raun bara
viljað fara í menntaskóla til að komast
langt í burtu frá Skarðshöfn. Í Tækniskól-
anum gæti hún hins vegar lært eitthvað
sem gagnaðist í framtíðinni. Eitthvað sem
hún væri góð í og hefði áhuga á. Hún
ætlaði að senda inn umsókn á morgun.
En núna vildi hún bara faðma ömmu.
Amma stóð upp og leit út um gluggann.
„Veðrið er að skána. Komum þér heim
og undir sæng.“

Sólveig stökk á fætur og faðmaði gömlu
konuna að sér. Hún myndi ekki sakna

bæjarins en hún myndi sakna ömmu sinnar. Og afa síns þó hún hefði bara þekkt hann eina nótt.

– ENDIR –

Bækur í sama flokki



Nokkrir unglingar lokast inni í skólanum
í Skarðshöfn þegar óveður skellur á.
Hver er sagan á bak við hauslausa
húsvörðinn? Hvað gerðist þessa nótt
fyrir mörgum árum?

Höfundur sögunnar og myndskreytir
er Bergrún Íris Sævarsdóttir.


MENNTAMÁLASTOFNUN
40210

ISBN-13: 978-9979-0-2409-5

9 789979 024095